

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

Almennar upplýsingar um höfnina.

Stjórnsýsluupplýsingar

Útgefið: 28. desember 2018 (*breytt útg. 16. ágúst 2019*)
Höfn: Skarðsstöð
Hafnarstarfsemi: Blönduð hafnarstarfsemi, smábátahöfn
Heimilisfang: Skarðsstöð
371 Búðardalur

Tengiliður: Hafnarvörður
Sími: 434-1494
Útkallssími: 894-0013
Tölvupóstur: dalir@dalir.is / sveitarstjori@dalir.is
Fjöldi skipakoma: Engar

Tilgangurinn með gerð áætlunargerðarinnar

Tilgangurinn með áætlun Dalabyggðar er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá bátum og að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Umfang starfsemi hafnarinnar

Höfnin er lítil með aðstöðu fyrir trillur á svæðinu. Höfnin er ekki aðgengileg skipum. Á staðnum er um 6-8 báta flotbyggja og kranaaðstaða til löndunar.

Móttökubúnaður úrgangs á höfninni

A. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni.

Tafla 1 sýnir fjölda skipa og tegundir, sem notuðu hafnaraðstöður hafnarinnar á árinu 2018:

Tegund skipa/ báta	Fjöldi notenda 2018
Smábátar	3
Stór fiskiskip	0
Flutningaskip	0
Afþreyingarbátar	2
Önnur skip	0

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir móttökuflokka og magn hvers flokks sem tekið er á móti hjá höfninni:

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magn	Kostnaður við notkun
Almennur úrgangur (Óflokkaður úrgangur, heimilis- og lífrænn úrgangur)	Gámur 8 m ³ eða sérferð á sorpmóttökustað	Gámur 8 m ³ eða sérferð á sorpmóttökustað	400 kg	140.000 kr.
Endurvinnanlegur úrgangur	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	0	
Veiðarfæraúrgangur	Stórsekkur eða sérferð á sorpmóttökustað	Stórsekkur eða sérferð á sorpmóttökustað	0	
Brotajárn	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	0	
Spilliefni	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	0	
Fljótandi olíuúrgangur	Olíukálfur 500 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Olíukálfur 500 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	0	
Fljótandi skólpúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	0	
Annar úrgangur	Eftir samkomulagi milli báts og hafnar	Eftir samkomulagi milli báts og hafnar	0	

Markmiðið með töflu 2 hér að ofan er að vera með tiltæka flokkun úrgangs til að safna saman upplýsingum um magn úrgangs sem höfnin tekur á móti árlega, hvort heldur er til upplýsingagjafar, kostnaðargreiningar eða nýta við endurskoðun áætlunarinnar síðar.

Samskonar töflu má sjá í Viðauka A með yfirliti yfir losun frá síðustu útgáfu áætlunar.

B. Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs.

Þegar sorpgámum var valin staðsetning var tekið tillit til aðgengis að þeim og bátaumferðar við hafnarkant. Bátar geta losað sig við sorp í sorpilát hafnarinnar. Ef um mikið magn er að ræða er farin sér ferð með úrgang á sorpmóttökustað sveitarfélagsins, er það ýmist gert af hálfu starfsmanna sveitafélagsins eða að kallaður er til vörubíll til að flytja úrganginn frá bátnum.


Fjöldi og tegund íláta fyrir úrgang á höfninni:

- 1 gámur fyrir almennan úrgang
- 1 tunna fyrir endurvinnanlegan úrgang
- 1 stórsekkur fyrir veiðarfæraúrgang
- 1 kar fyrir brotajárn
- 1 tunna fyrir spilliefni
- 1 kálfur fyrir úrgangsolíu
- Sérferð með stærri sorpfarma

Ílátin eru skorðuð af í húsgrunni sem stendur um 50m frá flotbryggjunni. Þetta er gert til þess að þau skemmist ekki eða valdi tjóni í vöndum veðrum. Vegalengd milli Búðardals og hafnarinnar er mikil og er það því ekki hagkvæmt að tæma ílátin reglulega. Hafnarvörður fylgist með magni úrgangs sem skilar sér í þau og lætur starfsmenn sveitafélagsins vita þegar tími er kominn á tæmingu. Engin formeðferð á sér stað við losun. Farið er með ílátin á söfnunarstöðina í Búðardal, en Gámaþjónusta Vesturlands sér um förgun þar fyrir Dalabyggð.

Gámurinn, karið, tunnurnar og kálfurinn eru skýrt merktir með stórum merkjum til að ljóst sé hvar móttaka úrgangs sé og skýrt sé hvaða tegund úrgangs sé tekið á mót og hverju EKKI. Ef ekki er móttökulílat fyrir þann úrgang sem þarf að losna við skal haft samband við starfsmann hafnarinnar. Á mynd 1 má sjá staðsetningu móttökubúnaðar fyrir úrgang á korti.

Merkingar sem notaðar eru á móttökuílát úrgangs hjá höfnum Dalabyggðar:



Merki fengin á heimasíðunni www.fenur.is

Gámaþjónusta Vesturlands sér um tæmingu úrgangsgáms eftir þörfum og í samráði við starfsmenn hafnarinnar. Starfsmenn sveitarfélagsins sjá um tæmingu kara, sorptunna, stórsekks og úrgangsolíukálfs með því að kalla til flutningsaðila eða flytja sjálfir ílát á sorpmóttökustöð, móttöku fyrir brotajárn. Úrgangsolía er losuð í samvinnu við aðila frá olíufélagi.



Mynd 1

C. Móttaka skólps.

Tekið er á móti skólpi frá bátum sé þess óskað, en í þeim tilvikum er kallaður til þjónustuaðili sem hefur yfir að ráða dælubílum til slíkrar þjónustu.

D. Kostnaður við móttöku úrgangs

Um kostnað fer skv. gjaldskrá hafnarsjóðs Dalabyggðar og gjaldskrá söfnunarstöðvar Dalabyggðar hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu sveitarfélagsins

<http://dalir.is/stjornsysla/gjaldskrar/hafnagjold/> og <http://dalir.is/stjornsysla/gjaldskrar/sorphirding/>. Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila enn hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

E. Upplýsingar til notenda

Eins og fjallað er um í lið B hér á undan, eru notaðar greinagóðar merkingar á ílát til móttöku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Á skrifstofu sveitarfélagsins má fá upplýsingar í formi einblöðungs, um móttöku úrgangs og meðferð á höfninni og hafnarsvæðum Dalabyggðar.

F. Vanbúnaður

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til sveitarstjóra á netfangið sveitarstjori@dalir.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

Samráð

Við vinnslu áætlunarinnar var haft samband við aðila sem gera út frá höfninni. Úrgangur er mjög lítill en eitthvað fellur þó til í hverjum úrgangsflokk. Ílát og aðstaða eiga því að vera í samræmi við þarfir notenda hafnarinnar.

Úrvinnsla og ábyrgð á framkvæmd

Starfsmenn hafnarinnar munu halda utan um magn og helstu tegundir úrgangs við tegundir hans og er í því sambandi stuðst við eyðublað um móttöku úrgangs. Sá úrgangur sem er í minna magni og fer í móttöku ílát á hafnarsvæði er vigtaður og skráður inn á eyðublað með skýringum um tegund og magn þegar ílátin eru tæmd fyrir viðkomandi hafnarsvæði. Með þessu má safna upplýsingum um magn og gerð, eins og áður sagði. Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og skráningu móttekins úrgangs er í höndum starfsmanna Dalabyggðar.

Endurskoðun

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 skal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næst árið 2021. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

Lög og reglugerðir

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum

Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur)

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og framleifum frá skipum

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

Áætlunin var staðfest af sveitarstjórn Dalabyggðar **xx. september 2019**

Áætlunin var staðfest af Umhverfisstofnun _____

Viðauki A

Yfirlit yfir losun frá síðustu útgáfu:

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	2016	2017	2018
Almennur úrgangur (Óflokkaður úrgangur, heimilis- og lífrænn úrgangur)	Gámur 8 m ³ eða sérferð á sorpmóttökustað	Gámur 8 m ³ eða sérferð á sorpmóttökustað	600 kg	510 kg	400 kg
Endurvinnanlegur úrgangur	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	0	0	0
Veiðarfæraúrgangur	Stórsekkur eða sérferð á sorpmóttökustað	Stórsekkur eða sérferð á sorpmóttökustað	0	0	0
Brotajárn	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	0	0	0
Spilliefni	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	Sorptunna, 240 L eða sérferð á sorpmóttökustað	0	0	0
Fljótandi olíuúrgangur	Olíukálfur 500 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Olíukálfur 500 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	0	0	0
Fljótandi skólpúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	0	0	0
Annar úrgangur	Eftir samkomulagi milli báts og hafnar	Eftir samkomulagi milli báts og hafnar	0	0	0

Ekkert féll til að öðru en almennum úrgangi. Spilliefni o.fl. hafa notendur farið með sjálfir í viðeigandi förgun á gámasvæði í Búðardal.